



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS TIL ÞÝSKALANDS

ÍSLENSKIR MENNINGARDAGAR Í BONN Á HÁLFRAR ALDAR AFMÆLI STJÓRN MÁLASAMBANDS MILLI ÍSLANDS OG ÞÝSKALANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hélt í morgun áleiðis til Þýskalands þar sem hann tekur þátt í viðamikill menningardagskrá í tilefni af hálfrar aldar afmæli stjórn málasambands Íslands og Þýskalands, flytur fyrirlestur í boði háskólans í Bonn og á viðræður við forsætisráðherra Nordrhein-Westfalen og aðra ráðamenn fylkisins.

Í kvöld sækir forseti tónleika íslenskra og þýskra listamanna í Bonn þar sem verk Jóns Leifs verða á verkefnaskrá. Íslensku flytjendurnir eru Finnur Bjarnason tenórsöngvari og Örn Magnússon píanóleikari.

Á morgun mun forseti Íslands heimsækja höfuðstöðvar stofnana Sameinuðu þjóðanna sem hafa aðsetur í Bonn og eiga viðræður við forráðamenn þeirra. Þessar stofnanir starfa m.a. á sviði umhverfismála og landverndar, heilbrigðismála og menntamála,

Forsetinn mun einnig heimsækja minningarhús Konrads Adenauers í Rhöndorf og CAESAR (Center for Advanced European Studies and Research) miðstöðina í Bonn. Annað kvöld verður forseti Íslands viðstaddur upplestur íslenskra rithöfundu á bókmenntavöku til heiðurs Halldóri Laxness.

Á miðvikudag heldur forseti til Köln og Düsseldorf. Í Köln mun hann m.a. skoða Íslandsdeild Háskólabókasafnsins í Köln og flytja ávarp við opnun sýningar í Borgarbókasafni Kölnar sem helguð er lífi og starfi Halldórs Laxness. Þá mun forseti eiga viðræður við forráðamenn

borganna og fylkisins og heiðra Þjóðverja sem lagt hafa málefnum Íslands lið.

Síðdegis á miðvikudag flytur forseti fyrirlestur í boði Háskólans í Bonn og sækir sinfóníutónleika þar sem Guðmundur Emilsson stjórnar flutningi á tónverki eftir Jón Nordal.

Heimsókn forseta Íslands lýkur á fimmtudag.

2. desember 2002

Nánari upplýsingar um heimsóknina veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson (896 3028) og Stefán L. Stefánsson (854 1369).